



Alina Dubik hlaut menntun sína í tónlistarakademíunni í Gdansk í Póllandi. Hún lauk M.A.-prófi með hæstu einkunn og fékk í kjölfarið styrk til náms á Ítalíu. Alina hefur komið fram sem einsöngvari víða um lönd í margvíslegum verkefnum og uppfærslum. Þá hefur hún haldið fjölmarga einsöngstónleika og kammertónleika hér á landi og erlendis. Alina Dubik starfar sem söngkennari við Nýja tónlistarskólann og Tónlistarskólann í Reykjavík.